

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 1. mars kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 718. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Ágústa Sveinbjörnsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Margrét Þormar, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Jón Kjartan Ágústsson og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bjarmaland 10-16, 16 - Breytingar -** (01.854.401) Mál nr. BN055823
Þakrými og þak. Skjalnr. 12709
Reynir Finndal Grétarsson, Bjarmaland 16, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja yfir bakinnangang, innréttu og nýta þakrými, setja upp stiga, breyta þaki og setja kvist á hús nr. 16 við Bjarmaland.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Eyjarslóð 9, staðsetning ökutækjaleigu** (01.110.5) Mál nr. SN190087
Skjalnr. 14078
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 8. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis Vilmundar ehf. til reksturs ökutækjaleigu með gildistíma frá 7. júní 2016. Verið er að flytja starfsemi ökutækjaleigunnar frá Krókhálsi 4 að Eyjarslóð 9. Sótt er um þrjú ökutæki í útleigu á starfstöð á Eyjarslóð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019 samþykkt.
- Jöldugróf 6, breyting á deiliskipulagi** (01.889.0) Mál nr. SN180843
Skjalnr. 13362
Arnar Ingi Guðmundsson, Miðtún 60, 105 Reykjavík
Hildur Gunnarsdóttir, Miðtún 60, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Hildar Gunnarsdóttur dags. 9. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 6 við Jöldugróf. Í breytingunni felst að færa byggingarreit bílskúrs á norðausturhluta lóðar og færa byggingarreit húss að hluta til suðvesturs og lítilla til norðausturs, samkvæmt uppdr. Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 11. janúar 2019. desember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 28. janúar 2019 til og með 25. febrúar 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
- Melgerði 1, lóðarbreyting** (01.814.0) Mál nr. SN180384

Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Halla Arnardóttir, Melgerði 1, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018 ásamt tillögu að breyttum lóðarmörkum Melgerði 1. Í tillögunni felst stækkun lóðarinnar nr. 1 við Melgerði til norðausturs yfir borgarland, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingibjörg F. Ottesen dags. 10. janúar 2019, Gísli Gunnlaugsson og Elfur Sif Sigurðardóttir dags. 11. janúar 2019, Guðríður Þorvaldsdóttir dags. 15. janúar 2019 og 21 aðili að Búðagerði dags. 15. janúar 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

5. **Óðinsgata 14, Stækka einbýlishús og áður gerðar breytingar** (01.184.421) Mál nr. BN043574
Skjalnr. 11203

Anna Sigurveig Magnúsdóttir, Óðinsgata 14, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júní 2018 þar sem sótt er um samþykkt á áður gerðum breytingum og stækkun á einbýlishúsi á lóð nr. 14 við Óðinsgötu. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. ágúst 2018. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 8.000 + xx

Breytt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 14. september.

Rétt bókun er:

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu, dags. 20. ágúst 2018, fyrir hagsmunaaðilum að Óðinsgötu 14a og Bjargarstíg 14 og 16.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr., sbr. 12. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

6. **Spítalastígur 10, Hækkun á húsi og breyting á þakrými** (01.184.102) Mál nr. BN054884
Skjalnr. 10082

Bjarni Már Bjarnason, Spítalastígur 10, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á, breyta rishæð og fjölga íbúðum um eina ásamt því að breyta útistiga í húsi á lóð nr. 10 við Spítalastíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.

Samþykki meðlóðarhafa í mhl. 02 áritað á teikningu, umsagnir Minjastofnunar dags. 30. október 2017, 13. júní 2018, 10. september 2018 og 11. febrúar 2019 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 09. mars 2018 við fsp. SN180103. Einnig fylgja útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. október 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. október 2018 og minnispunktum dagsettum 27. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.

7. **Bergstaðastræti 69, (fsp) fjölgun bílastæða** (01.196.3) Mál nr. SN190127
Skjalnr. 14089

Auður Eggertsdóttir, Bergstaðastræti 69, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Auðar Eggertsdóttur dags. 23. febrúar 2019 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 69 við Bergstaðastæti um eitt.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Hrefnugata 8, (fsp) hækkun á þaki og setja kvist** (01.247.3) Mál nr. SN190103
Skjalnr. 14083
Sverrir Jan Norðfjörð, Hrefnugata 8, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Sverris J. Norðfjörð dags. 17. febrúar 2019 ásamt greinargerð ódags. um að hækka þak hússins á lóð nr. 8 við Hrefnugötu og setja kvist. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
9. **Kirkjusandur, (fsp) endurskoðun deiliskipulags** (01.34) Mál nr. SN190107
Skjalnr. 8642
690903-3260 Trivium ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ólafs Hjálmarssonar dags. 19. febrúar 2019 ásamt greinargerð Trivium ráðgjafar ehf. dags. í janúar 2019 varðandi endurskoðun á skilmálum deiliskipulags fyrir Kirkjusand með tilliti til hljóðvistar.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Kirkjusandur - lóð C, (fsp) fjölgun bílastæða** (01.34) Mál nr. SN190117
Skjalnr. 8642
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2019 ásamt greinargerð dags. 20. febrúar 2019 um að fjölga bílastæðum við hliðargötur lóðar C í Kirkjusandi (Hallgerðargata 19).
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Njörvasund 10, Hækka bílskúr** (01.411.501) Mál nr. BN055453
Skjalnr. 12921
Margrét Herdís Einarsdóttir, Njörvasund 10, 104 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og byggja mænispak á bílskúr og til að byggja verönd með skjólveggjum og heitum potti með öryggisloki sem verður sérnotaflötur íbúðar 0101 á lóð nr. 10 við Njörvasund. Erindi var grenndarkynnt frá 24. janúar 2019 til og með 21. febrúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jens Fylkisson og Haukur Jensson dags. 5. febrúar 2019.
Stækkun 22,5 rúmm., flatarmál óbreytt. Samþykki meðeiganda dags. 12.05.2015 liggur fyrir. Gjald kr. 11.000
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Sogavegur 103, (fsp) gististaður í flokki II** (01.820.2) Mál nr. SN190108
Skjalnr. 14084
Þórdís Sigurðardóttir, Sogavegur 103, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Þórdísar Sigurðardóttur dags. 19. febrúar 2019 varðandi rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 103 við Sogaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
13. **Suðurlandsbraut 16, (fsp) Ármúli 13A - breyting á deiliskipulagi** (01.263.1) Mál nr. SN190088
Skjalnr. 5524

711096-2059 S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut sem felst í að stækka byggingarreit að Ármúla 13A (á lóð nr. 16 við Suðurlandsbraut) til að koma fyrir flóttastiga á austurhlíð, samkvæmt skissu dags. 26. febrúar 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019 samþykkt.

14. **Þórsgrata 1, Loftræstirör á suðvesturhlíð** (01.181.116) Mál nr. BN055766
Skjalnr. 5513

630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
590404-2410 RA 5 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir nýju loftræsiröri á suðvesturhlíð og færa inntak eldra rörs í porti vegna veitingastaðar á jarðhæð húss nr. 1 við Þórsgrötu.

Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

15. **Austurbakki 2, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190119
Skjalnr. 6624

690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 21. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að byggingarreitur 6 er stækkaður um u.þ.b. tvo metra þannig að ytri mörk til austurs nái yfir núverandi burðarvegg meðfram rampi í kjallara og leyfilegt byggingarmagni í kjallara á reit 6 fyrir almenna notkun er aukið, samkvæmt uppdr. Batteríssins arkitekta ehf. dags. 1. febrúar 2019.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018

16. **Bauganes 1A, breyting á deiliskipulagi** (01.672.0) Mál nr. SN180815
Skjalnr. 8792

Einar Sævarsson, Bauganes 1A, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Einars Sævarssonar dags. 26. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðarinnar nr. 1A við Bauganes. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á lóðinni, þar sem gert er ráð fyrir að byggja við samþykktan bílskúr á norðurenda lóðarinnar og tengja hann við húsið ásamt því að byggja við eldhús, samkvæmt uppdr. Hildar Bjarnadóttur arkitekts dags. 26. nóvember 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur umsækjanda dags. 15. janúar 2019. Tillagan var grenndarkynt frá 24. janúar 2019 til og með 21. febrúar 2019. Eftirtaldi aðilar sendu athugasemdir: Björk Einarsdóttir dags. 13. febrúar 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

17. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á** (01.63) Mál nr. SN180864
deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 15-19 og 21 Skjalnr. 9008
við Sæmundargötu
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ask Arkitekta ehf. dags. 14. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðanna nr. 15-19 og 21 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst breyting á kröfum um fjölda bílastæða á lóðunum og samnýtingu bílageymslu á lóð nr. 21 við Sæmundargötu, felld er niður krafa um ramp í bílakjallara á lóð nr. 19 við Sæmundargötu og felldur er niður dálkur í nýrri skilmálatöflu um heildarfjölda bílastæða á lóðunum auk þess sem dálkur með C-rýmum er felldur niður, samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf. dags. 14. desember 2018.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.
18. **Mávahlíð 15-17, (fsp) bílskúr** (01.702.1) Mál nr. SN190110
Skjalnr. 14085
Gísli Viðar Eggertsson, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Gísla Viðars Eggertssonar dags. 20. febrúar 2019 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 15-17 við Mávahlíð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Vatnsmýrarvegur 16, Opið hjólaskýli** (01.62.-.92) Mál nr. BN055734
Skjalnr.
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á opnu hjólaskýli fyrir 56 reiðhjól við byggingu á lóð nr. 16 við Vatnsmýrarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2019.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25.01.2019. Stærð: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2019
20. **Grandagarður 1A, Starfsemi fyrir** (01.115.209) Mál nr. BN055710
neyðarþjónustu Skjalnr. 14054
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilislausa vímuefnaneytendur, koma fyrir hvíldaraðstöðu á 2. hæð, nýrri pallalyftu milli hæða, svölum með hringstiga á norðurhlíð, byggð köld geymsla og komið verður fyrir nýju bílastæði á lóð nr. 1A við Grandagarð. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skrifstofu sviðstjóra dags. 22. febrúar 2019, bréfi frá Lex lögmönnum dags. 5 desember 2018. Jákvæð fyrirspurn BN055452 fylgir. Stækkun: 12 ferm., 31,2 rúmm. Gjald kr. 11.200Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019, samþykkt.

21. **Guðrúnartún 8, nr. 10, breyting á** (01.216.3) Mál nr. SN180223
deiliskipulagi Skjalnr. 7810
 530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
 710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2018 var lögð fram breytt umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 30. apríl 2018 ásamt bréfi dags. 12. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits, reitur 1.216, vegna húss nr. 8 á lóð nr. 10 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst hækkun bakhúss um tvær hæðir, úr tveimur hæðum í fjórar, samkvæmt uppdr. T. ark Arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2018. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi skrifstofu sviðsstjóra dags. 1. mars 2019.
Bréf skrifstofu sviðsstjóra, dags. 1. mars 2019, samþykkt.
22. **Kamsvegur 24, (fsp) stækkun** (01.354.1) Mál nr. SN190134
bílskúrs/vinnustofa og garðskáli Skjalnr. 11814
 Viggó Þór Marteinson, Kamsvegur 24, 104 Reykjavík
 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jenssonar dags. 26. febrúar 2019 um stækkun á bílskúr á lóð nr. 24 við Kamsveg og gera þar vinnustofu og garðskála, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 26. febrúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Njálsgata 51, breyting á deiliskipulagi** (01.190.1) Mál nr. SN190078
 Sara Marti Guðmundsdóttir, Njálsgata 51, 101 Reykjavík Skjalnr. 13289
 Jeannot A Tsirenge, Fellsmúli 15, 108 Reykjavík
 Lögð fram umsókn Jeannot A. Tsirenge dags. 27. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötareits vegna lóðarinnar nr. 51 við Njálsgötu. Í breytingunni felst stækkun á norðurhorni 2. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Jeannot A. Tsirenge arkitekts dags. 27. febrúar 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*
24. **Drápuhlíð 34, (fsp) innkeyrsla á lóð og** (01.713) Mál nr. SN190114
bílastæði Skjalnr. 14088
 Steinar Jens Friðgeirsson, Drápuhlíð 34, 105 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Steinars Jens Friðgeirssonar dags. 20. febrúar 2019 um að gera bílastæði og innkeyrslu á lóð nr. 34 við Drápuhlíð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Hagamelur 21, (fsp) vinnustofa og geymsla** (01.542) Mál nr. SN190109
 420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík Skjalnr. 12893
 Lögð fram fyrirspurn Valdimars Harðarsonar mótt. 18. febrúar 2019 ásamt bréfi dags. 18. febrúar 2019 varðandi byggingu einnar hæðar vinnustofu og geymslu á lóð nr. 21 við Hagamel, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 10. maí 2018. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa dags. 16. janúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

26. **Lyngháls 7, Breytingar** (04.324.101) Mál nr. BN055828
Skjalnr. 7501
550595-2499 Gæðabakstur ehf., Lynghálsi 7, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055034 þannig að á fyrstu hæð eru vörubryggja og hleðsluskýli stækkuð til norðurs og þar komið fyrir skábraut með stoðveggjum frá hleðsluskýli, til suðurs er stækkun þar sem komið verður fyrir tæknirými, einnig er komið fyrir sprinklerkerfi og gerðar ýmsar breytingar á innra skipulagi á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 7 við Lyngháls.
Yfirlit um breytingar dags. 19. febrúar 2019 og greinargerð brunahönnuðar dags. 20. febrúar 2019 fylgja erindi. Stækkun : 158,9 ferm., 438,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Miðtún 82, (fsp) - Samþykkt á áður gerðri íbúð** (01.235.110) Mál nr. BN055297
Skjalnr. 14038
Sigurður Harðarson, Njarðargata 41, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem spurt er hvort áður gerð (ósamþykkt) íbúð í risi fengist samþykkt sem íbúð í húsi nr. 82 við Miðtún. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Sigurðar Harðarssonar f.h. eigenda risíbúðar í Miðtúni 82 dags. 21. febrúar 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019 samþykkt.
28. **Tjarnarsel 2, Stækkun svala - breyting inni.** (04.930.307) Mál nr. BN055789
Skjalnr. 5373
550103-3970 Mission á Íslandi ehf, Þinghólsbraut 3, 200 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka vinnustofu sem nemur inndregnum svölum á vesturgafli, byggja nýjar svalir utan á gafflinn, breyta og bæta við gluggum og og hurðaupum auk innanhússbreytinga í einbýlishúsi á lóð nr. 2 við Tjarnarsel.
Með erindi fylgja maeliblað 4.930.3 dags. 14.07.1977 síðast breytt 08.02.2006 og hæðarblað teiknað í júlí 1977. Vísað er í tölvupóst frá hönnuði dags. 22. febrúar 2019 með fylgiskjölum sem útskýra breytingar frá samþykktum aðaluppdráttum. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Frakkastígur, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN180414
Skjalnr. 6207
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní 2018 var lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 31. maí 2018 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerð Frakkastígs sem felst í að framlengja Frakkastíg út að Sæbraut og leggja af núverandi tengingu milli Skúlagötu og Sæbrautar vestan við Frakkastíg, ganga fá gönguleiðum með fram götum, endurnýja lagnir eftir þörfum, setja upp ný umferðarljós við Sæbraut og snjóbræðslu í gönguleiðir, samkvæmt uppdr. verkfræðistofunnar HNIT ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2019.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2019 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

30. **Kjalarnes, Stekkur, (fsp) nýbygging** Mál nr. SN190097
Skjalnr. 10211
Anja Þórdís Karlsdóttir, Stekkur, 162
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Önju Þórdísar Karlsdóttur dags. 13. febrúar 2019 varðandi byggingu vélaskemmu á lóð Stekks á Kjalarnesi, samkvæmt tillögu dags. 3. febrúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2019.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2019.
31. **Reykjavegur 15, Laugardalsvöllur, (fsp) (01.37)** Mál nr. SN190047
Skjalnr. 11335
bílastæði
510397-2159 KSÍ-Laugardalsvöllur, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóhanns Gunnars Kristinssonar dags. 22. janúar 2019 um að setja tvö bílastæði á lóð nr. 15 við Reykjaveg fyrir hleðslustöðvar.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Vogabyggð svæði 5, nýtt deiliskipulag (01.45)** Mál nr. SN180390
Skjalnr. 13136
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2019 þar sem stofnunin ítrekar að hún telur að áform um stækkun smábátahafnarinnar séu í ósamræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra og deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur og er nú lagt fram að nýju ásamt uppdr. Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018 síðast lagf. 26. febrúar 2019, greinargerð og skilmálar Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018 síðast lagf. 26. febrúar 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
33. **Fiskislóð 45, (fsp) breyting á notkun (01.087.6)** Mál nr. SN190069
Skjalnr. 10617
Elva Ósk Ólafsdóttir, Öldugata 2, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Elvu Ó. Ólafsdóttur dags. 21. janúar 2019 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 45 við Fiskislóð úr iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Hlemmur, reitur 1.240.0, lýsing (01.2)** Mál nr. SN190145
Skjalnr. 12842
Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. mars 2019, vegna nýs deiliskipulags reits 1.240.0 Hlemmur í kjölfar hugmyndasamkeppni um svæðið, sem felst í endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningsamgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreitar fyrir flutningshúsið Norðurpóll og nýrra léttra mannvirkja fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

35. **Grandagarður 8, (fsp) breyting á** (01..11.5.1) Mál nr. SN180475
deiliskipulagi Skjalnr. 13977
490813-0630 EON arkitektar ehf., Brekkugötu 14, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn EON arkitekta ehf. dags. 22. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Grandagarði 8 um hækkun og stækkun hússins í samræmi við meðfylgjandi uppdrætti EON arkitekta ehf. dags. 15. júní 2018 og greinargerðir dags. 20. júní 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur frá fyrirspyrjanda dags. 13. september 2018 og svarpósti skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2018. Jafnframt er lagður fram skýringaruppdr. EON arkitekta ehf. dags. 16. janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Vísað til umsagnar Faxaflóahafna og samgöngustjóra Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir að umsögn liggja fyrir 14. mars nk.
36. **Langholtsvegur 89, (fsp) breytingar á þaki** (01.410.0) Mál nr. SN180269
o.fl. Skjalnr. 9599
490103-3250 Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Sigurðssonar dags. 11. apríl 2018 um að breyta og lyfta þaki hússins á lóð nr. 89 við Langholtsveg svo það gangi fram yfir útbyggingu á suðurhlíð og að útveggi að norðan, stækka kvisti og endurnýja, nýta þak bílskúrs og koma fyrir útidyrhurð og glugga, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Tvíhorfs ehf. dags. 13. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir rökstuðningi á niðurstöðu fyrirspurnar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. mars 2019 samþykkt.
37. **Skeiðarvogur 109, málskot** (01.436.1) Mál nr. SN190140
Steinunn Rósa Einarsdóttir, Skeiðarvogur 109, 104 Reykjavík Skjalnr. 14010
Lagt fram málskot Steinunnar Rósu Einarsdóttur og Kristjáns Sturlaugar Ingólfssonar dags. 27. febrúar 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 109 við Skeiðarvog sem felst í að gera byggingarreit fyrir 40 fm. smáhýsi á lóð. Einnig eru lögð fram kynningargögn ódags.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:40.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir